

BORGARRÁÐ 1. september 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöður lögfræðinga á þjónustu- og nýsköpunarsviði – MSS22090011

Í ársskýrslu þjónustu- og nýsköpunarsviðs er kafli sem ber heitið lögfræðiþjónusta. Lögfræðiþjónusta sviðsins var formlega stofnuð á árinu ásamt því að starfsfólki var fjölgað. Helstu verkefni þjónustunnar eru sögð snúa að ráðgjöf til starfsfólks sviðsins varðandi öll lögfræðilega álitaefni sem koma upp í umbótaverkefnum. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvað margir lögfræðingar starfa á sviðinu? Hver eru laun þeirra (meðaltalslaun)? Hvernig er skipurit þessarar stéttar innan sviðsins? Hvað margir voru ráðnir í upphafi og hverjir starfa þarna núna? Hvað margir eru ráðnir tímabundið og hvenær lýkur þeirra starfssamningi? Hvað mikið af þeirra vinnu hlutfallslega fer einungis í ráðgjöf af ýmsu tagi. Hvernig nýtast lögfræðingarnir í vinnu við gerð og virkni lausna sem snúa að innritunarmálum t.d. í leikskólum, umsóknum um byggingarleyfi, og aðrar lausnir sem snúa beint að þjónustu við fólkið, til að liðka fyrir og einfalda þjónustu og vinnu starfsfólk?